

Stillingar fyrir afhendingartíma netpantana

Síðast uppfært 26/08/2026 5:26 pm BST

Byrjaðu á því að skrá þig inn á admin.salescloud.is

Slots (afhendingartími) eru stillt undir **Company → Locations**.

Smelltu á viðkomandi staðsetningu og opna síðan **Slots** sem er neðst í valmyndinni. Ef þú hefur ekki þegar stillt opnunartíma staðsetningarinnar þarftu að byrja á því.

Slots ^

Slots Manager URL



This textarea is only visible to SalesCloud admins.

Wait Time

16 hours and 0 Minutes



Max sales per slot

ISK

Interval between slots

▼

Pause between slots

▼

Undir **Slots** eru fjórar stillingar: **Wait Time**, **Max Sales per Slot**, **Interval Between Slots** og **Pause Between Slots**.

- **Wait Time** – Stýrir því hvenær fyrsti lausi afhendingartíminn er í boði. Ef reiturinn er auður eða stilltur á 0 mínútur er fyrsti lausi tíminn 30 mínútum eftir að pöntun er gerð.
- **Max Sales per Slot** – Stýrir hámarksverðmæti pantana sem hægt er að taka á móti á hverju tímabili.
Til dæmis: Ef hámarkið er stillt á **15.000 kr.** og viðskiptavinur pantar fyrir 10.000 kr. með afhendingu kl. 13:00, getur annar viðskiptavinur valið sama tíma með pöntun upp á 5.000 kr. Eftir það lokast tíminn kl. 13:00 fyrir frekari pantanir þar sem samanlagt verðmæti pantana hefur náð eða farið yfir 15.000 kr.
Athugið: Aðeins netpantanir telja upp í þetta hámark. Sala í POS hefur ekki áhrif.
- **Interval Between Slots** – Stýrir hversu langt er á milli lausra afhendingartíma. Sjálfgefið er 15 mínútur. Lausir tímar gætu því til dæmis verið **13:00, 13:15, 13:30, 13:45** o.s.frv.
- **Pause Between Slots** – Bætir við hléi á milli tímabila. Þessa stillingu ætti almennt **ekki að nota fyrir netpantanir heldur bara viðburði**.
Dæmi: Ef um bókanir er að ræða þar sem hver bókun tekur 50 mínútur og þú vilt hafa 10 mínútna hlé á milli, til dæmis til að ganga frá eða þrifa, stillir þú **Pause Between Slots** á 10 mínútur.